

Skólanámskrá 6. b

Námsgrein: Íslenska

Námshópur 6. bekkur

Fjöldi kennslustunda á viku: 5

Markmið

Bókmenntir og lestur.

Stefnt er að því að nemandi:

- Lesi sögur, ævintýri, þjóðsögur, gamansögur, dæmisögur og lengri bækur.
- Lesi fjölbreytt efni sér til fróðleiks og skemmtunar að eigin vali miðað við lestrarargetu og áhuga.
- Hlusti á upplestur á sögum, leiktextum og ljóðum.
- Þjálfist í að fá bækur að láni á skólasafni.
- Ræði um bókmenntaverk sem hann hefur hlustað á og/eða lesið.
- Geri sér grein fyrir hugtökunum aðal- og aukapersónur, umhverfi, boðskapur og ljóðstafir.
- Þekki hugtökin persóna, söguhetja, söguþráður og sögulok.
- Nái góðum leshraða og geti lesið af öryggi og með viðunandi skilningi almenna texta.
- Geti lesið nokkuð flókin fyrirmæli og farið eftir þeim.
- Geti lesið margvíslega texta og unnið með þá á fjölbreyttan hátt.
- Þjálfist í að beita nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri.
- Geti gert útdrætti, munnlega og skriflega, úr því sem hann hefur lesið.
- Nái góðum tókum á að greina aðalatriði frá aukaatriðum í lesnum texta.
- Geti lesið úr töflum og myndritum.
- Geri sér grein fyrir mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu í upplýsingasamfélaginu.

Talað mál, framsögn og hlustun.

Stefnt er að því að nemandi:

- Geti tjáð sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum.
- Tjái sig munnlega við lausn margvíslegra verkefna í minni og stærri hópum.
- Geti greint skipulega frá eigin reynslu, eftirminnilegum atburðum eða sérstakri lífsreynslu.
- Fáí tækifæri til að segja frá eigin tilfinningum og líðan.
- Geti rætt við bekkjarfélag sína, t.d. þegar upp koma vandamál, og reynt að komast að sameiginlegri niðurstöðu.
- Geti kynnt vinnu sína fyrir bekkjarfélögum og foreldrum og sagt skipulega frá verkefnum sem hann hefur unnið.
- Geti sagt frá hvernig hann komst að tiltekinni niðurstöðu og geti rökstutt hana.
- Geti lýst munnlega ýmsum hlutum eða athöfnum úr umhverfinu og almennum fréttum.
- Geti lesið upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum.
- Þjálfist í að syngja ýmsa algenga söngva og taki þátt í fjöldasöng.
- Geti flutt undirbúnar frásagnir og haldið athygli áheyrenda í nokkurn tíma.
- Þjálfist í að segja skopsögur í minni og stærri hópum.
- Fari eftir þeim reglum sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu.
- Temji sér að tala skýrt og áheyrilega við öll tækifæri.
- Þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum og ljóðum, bæði sem kennari les og af bandi.
- Þjálfist í að hlusta á umræður, taka þátt í þeim og halda athygli í töluverðan tíma.
- Þjálfist í að hlusta á fyrirmæli kennara og fara eftir þeim.

Málfræði

Stefnt er að því að nemandi:

- Geri sér grein fyrir að öllum orðum er skipt í flokka eftir formlegum og merkingarlegum einkennum.
- Þekki orðflokkanana nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og helstu einkenni þeirra.
- Geti sambeygt algeng nafnorð og lýsingarorð í eintölu og fleirtölu.
- Læri að fallbeygja mannanöfn og fræðist um tilurð eigins nafns.
- Geri sér grein fyrir stigbreytingu og kynbeygingu lýsingarorða.
- Átti sig á muninum á nútíð og þátíð sagna og geti breytt tíð frásagna.
- Þekki mun samnafna og sérnafna og kyn orða og geti nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu.
- Geti búið til samsett orð af öryggi.
- Vinni með stofn orða og geti nýtt sér þá kunnáttu við stafsetningu.
- Vinni með algeng orðtök og málshætti.
- Beiti tungumálinu á fjölbreyttan hátt við lausn margvíslegra munnlegra og skriflegra verkefna.
- Átti sig á hvaða orðmynd er uppflættimynd fallorðs og geti nýtt sér það við notkun orðabóka.

Ritun

Stefnt er að því að nemandi:

- Skrifri skýrt og greinilega og vandi allan frágang.
- Geti skrifað hratt og af öryggi og sé farinn að þróa persónulega rithönd.
- Þjálfist í að stafsetja rétt með ýmsum aðferðum.
- Geti samið sögur með atburðarás og ort ljóð og skrifað sjálfur.
- Þekki hugtökin upphaf, miðja og endir í frásögn og geti nýtt sér þau í eigin ritun.
- Geti skráð frásagnir um atburði úr eigin lífi eða lífi fjölskyldunnar.
- Geti skráð framvindu og niðurstöður í verkefnum sem hann vinnur, t.d. í landafræði, sögu eða náttúrufræði.
- Geti lýst skriflega ýmsum hlutum eða athöfnum úr umhverfinu og almennum fréttum.
- Geti skráð aðalatriði úr texta.
- Geti skrifað almenna texta rétt eftir upplestri.
- Þjálfist í að nota orðabækur og önnur hjálpargögn.
- Læri að fara eftir stafsetningarreglum, t.d. n- og nn-reglunni, ng- og nk-reglunni og um i, í og y, ý.

Námsefni

Málrækt 2, Skinna I og II, Skræða, Mál til komið, Mál í mótun, lestrarbækur, skrifarbækur og ýmis önnur verkefni.

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, einstaklings-, para-, og hópverkefni ásamt umræðum.

Námsmat

Hljóðlestrarpróf, raddlestrarpróf, kannanir og ástundun heimanáms.

Námshópur: Stærðfræði

Námshópur: 6.bekkur

Fjöldi kennslustunda á viku: 5

Markmið

Stefnt er að því að nemandi:

glími við talnaþrautir og efli með því skilning sinn á eðli talna og reikniaðgerða.

Skilji hvernig nota má bókstafi sem staðgengla fyrir tölur.
Raði neikvæðum tölum eftir talnagildi.
Leggi saman og dragi frá með neikvæðum tölum.
Kynnist gráðum sem mælieiningu fyrir horn.
Þjálfist í að teikna horn með gráðuboga.
Kynnist skiptingu hrings í 360° og beri saman þvermál og ummál hrings.
Efli skilning sinn á reikniaðgerðinni deilingu.
Gerir sér grein fyrir tengslum deilingar við aðrar reikniaðgerðir.
Skilji hvað það þýðir að ein tala gangi upp í annarri og af hverju oft myndast afgangur við deilingu.
Þekki áhrif deilingar með 10 og 100.
Kanni eiginleika þríhyrninga og dragi ályktanir af athugunum sínum.
Geti teiknað jafnhliða og jafnarma þríhyrninga.
Kynnist hornasummu þríhyrnings.
Geti teiknað þríhyrning með gefnum stærðum.
Geti reiknað flatarmál rétthyrndra þríhyrninga ef hliðarlengdir eru þekktar.
Þjálfist í að lesa upplýsingar úr töflum og noti þær við útreikninga.
Setji fram upplýsingar á myndrænan hátt.
Leiti lausna á viðfangsefnum þar sem taka þarf mið af mörgum upplýsingum.
Gerir spá um þróun á grundvelli upplýsinga sem birtar eru með myndritum.
Safni gögnum, skrái í töflu og teikni súlurit.
Kynnist hugtakinu miðgildi og læri að reikna meðaltal.
Efli skilning sinn á almennum brotum og geti skráð þau.
Geti nýtt sér hjálpargögn við samanburð á stærðum brota og brotareikning.
Þekki leið til að sjá hvenær tvö almenn brot eru jafngild.
Leggi saman samnefnd brot og kynnist samlagningu ósamnefndra brota.
Breyti einföldum almennum brotum í tugabrot og prósentur.
Geti raðað tugabrotum eftir talnagildi.
Leggi saman og dragi frá með tugabrotum.
Geti skráð brot sem tugabrot, almenn brot og prósentur.
Greini einkenni ferhyrninga og innbyggðis tengsl þeirra.
Þekki einkenni reglulegra margflötunga.
Þekki heiti nokkurra algengra þrívíðra forma svo sem tenings, réttstrendings, kúlu, sívalnings, keilu og strýtu (pírámíða).

Námsefni

Geisli 2 grunnbók ásamt Geisla 2A og Geisla 2 B ásamt stjörnuþókum.

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, einstaklings-, para-, og hópverkefni ásamt umræðum.

Námsmat

Kannanir, sjálfsmat nemanda og ástundun heimanáms.

Enska í 6. bekk

Markmiðið er að nemandi:

Hlustun

- skilji féлага sína í samskiptum í kennslustundu
- skilji efni á hljómböndum/myndböndum/geisladiskum í tengslum við viðfangsefni sem unnið er með og eru honum kunn
- skilji fyrirmæli og leiðbeiningar kennara á ensku
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í tengslum við hlustunarefni

Lestur

- skilji einfalda texta, s.s. myndasögur, barnabækur, ævintýri,
- þjálfist í að vinna með orðaforða í texta
- geti fundið afmarkaðar upplýsingar í textum

Ritun

- geti skrifað eftir fyrirmyndum skiljanlega, skipulega og viðeigandi stutta texta
- geti sett fram texta ásamt myndrænum þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða í ritun
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem koma fyrir í námsefni
- læri einfalda málfræði

Talað mál

- geti tekið þátt í samskiptum í kennslustofu, þ.e. kynnt sig, heilsað, kvatt, þakkað fyrir sig
- geti tjáð sig um afmarkaða þætti í viðfangsefnum sem unnið er með, t.d. í endursögnum eða eigin frásögnum
- geti haft eftir söngva, rím o.fl. sem unnið hefur verið með í náminu

Námsefni

Build up 2, Enskar málfræðiafingar A og ýmis verkefni frá kennara

Námsmat Áhugi og virkni í tímum, kannanir og símat

Námsgrein: Samfélagsfræði

Námshópur: 6.bekkur

Fjöldi kennslustunda á viku: 3

Markmið:

Saga

- kynnist lýsingum fornhöfunda á þjóðum og löndum í norðri.
- læri sögur af fundi Íslands og nokkrum landnámsmönnum, þar á meðal í heimabyggð.
- kynnist og lesi kafla úr Landnámu, Íslendingabók og Íslendingasögum.
- hugleiði kosti og gæði landsins frá sjónarhóli landnámsmanna.
- öðlist skynbragð á trú og siði fyrir kristnitöku.
- kanni skiptingu landsmanna eftir stéttum, stöðu og atvinnugreinum, svo sem í frjálst fólk og ófrjálst, goða og bændur, konur og karla, handverksmenn og fjölvísar konur.
- læri hvernig landinu var skipt í fjórðunga og goðorð, hvernig Alþingi kom til sögunnar og hvernig lögum var skipað í landinu.
- geri sér grein fyrir því hvernig kristni barst með ýmsum hætti norður á bóginn, allt til Íslands og Grænlands.
- kynnist hefðbundinni sögu af kristnitöku á Alþingi.
- þekki til Leifs Eiríkssonar.

Landafræði

- læri að lesa úr hæðarlínum á korti í stórum mælikvarða, lýsa landslagi og nota hugtök eins og hlíð, dalur og halli og lýsingarorð eins og brattur og aflíðandi.
- læri að nota tvo undirflokkka höfuðáttanna fjögurra í frásögn, t.d. norðnorðvestur, og tengja þá við skiptingu hrings.
- átti sig á því að náttúruöflin eru stöðugt að mynda og móta landið og hafa áhrif á búsetu manna.
- þekki á Íslandskorti nöfn og legu landsfjórðunganna, stærstu þéttbýlisstaða, helstu ár, jökla, firði, flóa og fjöll.
- þjálfist í að lýsa helstu landfræðilegu einkennum hvers landshluta, s.s. landslagi, gróðurfari og veðurfari.
- kannist við helstu hafstrauma umhverfis landið og einkenni sjávarfalla.
- verði fær um að greina hvað er líkt og hvað ólíkt í heimabyggðinni og öðru byggðarlagi, s.s. með tilliti til landbúnaðar, veðurfars, bygginga og samgangna.
- kynni sér auðlindir og atvinnulíf í heimabyggð sinni og landshluta og sé fær um að bera það saman við landið í heild.
- ígrundi hvort eitthvað í umhverfi hans þurfi sérstakrar verndunar við.
- kynnist íslenskum náttúruminum og náttúruvættum.
- fjalli um ferðamannastaði á Íslandi, s.s. eftir hverju ferðalangar eru að sækjast þegar þeir fara um landið.
- geti rakið á korti eða myndum upptök vatnsfalls í heimabyggð, vatnasvið þess og farveg til ósa.
- þekki hvernig landslag í nágrenninu hefur áhrif á lofthita og vindafar.
- þekki hvernig byggð dreifist um landið og helstu ástæður þess.
- átti sig á af hverju vegir liggja ekki alltaf stystu leið á milli þeirra staða sem þeir tengja.
- kunni skil á þeim atvinnugreinum sem mynda undirstöðu íslensks atvinnulífs.
- afli sér upplýsinga um íslenskar náttúruauðlindir og hvernig þær eru nýttar.
- átti sig á áhrifum nýtingar tiltekinnar náttúruauðlindar í heimabyggðinni.

Námsefni

Leifur Eiríksson, Land og líf og Víkingar.

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, einstaklings-, para-, og hópvinna ásamt umræðum.

Námsmat

Kannanir, verkefnabók, sjálfsmat nemanda og ástundun í tímum.

Námsgrein: Náttúrufræði

Námshópur: 5.bekkur

Fjöldi kennslustunda á viku: 3

Markmið:

Stefnt er að því að nemandi:

- framkvæmi tilraunir og skoði dæmi í nánasta umhverfi sem sýna að til að hlutir sjáist þarf ljós að berast frá þeim til okkar, t.d. vasaljós, endurskinsmerki.
- kynnist ljósspeglun og ljósbroti með því að vinna með speglun og mismunandi gagnsæ efni, s.s. vatn, gler og plast.
- geri athuganir þar sem notaðar eru linsur.
- ræði um hvað er líkt með stöðurafmagni og seglum.
- fjalli um áhrif rafnotkunar á samfélagið, t.d. lýsi degi án rafmagns,
- búi til og noti eigin áttavita.
- hafi skoðað hvaða hlutverki segulmögnum efni þjóna við mismunandi aðstæður, s.s. í dyrabjöllu og við vinnslu á brotajárni.
- geri sér grein fyrir að reikistjörnur snúast í kringum sólina eftir sporbaug líkt og jörðin.
- þekki ýmsar myndir tunglsins, s.s. hvað er vaxandi og minnkandi tungl, fullt tungl og nýtt tungl.
- þekki að tunglið veldur sólmyrkva á ákveðnu tímabili.
- tengi sjávarföll við sólina og togkraft tunglsins.
- geri sér grein fyrir því hverjar eru helstu ástæður breytilegs veðurfars á jörðinni.
- fjalli um einkennandi veðurfar fyrir ákveðið landsvæði eða heimabyggð eftir árstíðum eða út frá landslagi.
- fjalli um eldvirkni og jarðhræringar á Íslandi og geri sér grein fyrir orsökum og mögulegum afleiðingum.
- þekki í grófum dráttum kenningar um þróun landsins frá því að það reis úr hafi eftir ísöld og velti fyrir sér mögulegri þróun.
- skoði og fjalli um hvernig steingervingar myndast í heimabyggð og á jörðinni.
- þekki myndunarsögu Surtseyjar og tengi myndun Íslands við gróft jarðsögulegt tímatal.
- kynnist völdum þáttum úr þróunarsögu lífs á jörðinni, einkum risaeðlum.
- geri athuganir í ferskvatni og kanni mismunandi þætti; lífríkið, fæðukeðjur, áhrif umhverfisþátta, s.s. birtu, hita, botnagerðar og framburðar og áhrif mannsins.
- þekki alla íslenska ferskvatnsfiska og hvernig þeir hafa borist til Íslands
- geri sér grein fyrir að líkami mannsins tekur stöðugum breytingum frá fæðingu til dauða.
- þekki að frumur eru byggingareiningar lífvera.
- þekki hver eru helstu hlutverk og einkenni mismunandi frumna mannlíkamans, t.d. blóð-, fitu-, kyn-, bein- og taugafrumna.
- fjalli um einkenni og hlutverk kynþroskans, þ.e. að geta eignast afkvæmi með eiginleika beggja foreldra.

- fjalli um líffræðilegar orsakir þeirra breytinga sem verða á líkamanum á kynþroskaaldrinum
- skilji að einstaklingar þroskast mishratt vegna arfbundinna eiginleika og að slíkur einstaklingsmunur er eðlilegur.
- þekki og geti beitt ýmsum hugtökum tengdum kynþroska, æxlun, fósturþroska og fæðingu.
- skilji mikilvægi heilbrigðs lífennis á meðgöngu fyrir fósturþroska og fæðingu.

Námsefni

Lífríkið í fersku vatni , Auðvitað 1, Maðurinn – hugur og heilsa.

Kennsluaðferðir

Innlögn frá kennara, einstaklings-, para-, og hópvinna ásamt umræðum.

Námsmat

Kannanir, verkefnabók, sjálfsmat nemanda og ástundun í tímum.

Námsgrein: Íþróttir

Námshópur: 6.bekkur

Fjöldi kennslustunda á viku: 2

Markmið:

Skynþroski og hreyfiþroski

Stefnt er að því að nemandi:

- þjálfist í grófhreyfingum eins og handstöðu og handahlaupi.
- þjálfist í flóknum æfingum með tónlist sem viðhalda og bæta samhæfingu.
- þjálfist í samsettum hreyfingum eins og litlum kollhnís, löngum kollhnís og aftur litlum kollhnís, utanverðu stökki yfir kubb, lendingu, kollhnís áfram í réttstöðu, handstöðuveltu, forhoppi, handahlaupi, teygjuhoppi með hálfum snúningi, jafnvægisstöðu á öðrum fæti, kollhnís áfram í réttstöðu, langstökki með atrennu og hliðarstökki yfir kubb eða kistu.
- taki þátt í leikjum sem veita útrás fyrir hreyfiþörf og efla samspil skynjunar, s.s. eltingaleikjum, kast- og gripleikjum, hittnileikjum og samspilsleikjum.
- þjálfist í undirstöðuatriðum a.m.k. tveggja hóp- og einstaklingsíþróttanna sem stundaðar eru hér á landi, s.s. handknattleiks og innihokkís (bandy).
- nái tókum á undirstöðuatriðum í einni vetrariþrótt, s.s. skautaiþrótt eða skíðaíþrótt.

Líkamsþroski og fagurþroski

Stefnt er að því að nemandi:

- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla líkamspól, s.s. eltingaleikjum, ratleikjum og knattleikjum.
- taki þátt í ýmsum leikjum sem efla hraða og viðbragð, s.s. eltingaleikjum, hópíþróttaleikjum og flóknum samspils- og hittnileikjum.
- taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla kraft, s.s. tvímenningsæfingum.
- þjálfist í æfingum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu hlaupi á rólegum hraða í 11 mínútur.
- þjálfist í æfingum sem efla viðbragð, s.s. eltingaleikjum af ýmsum toga, viðbragði eftir merki kennara.
- taki stöðluð próf til að meta eigin líkamshreysti, s.s.
- boltakast með 80 g bolta
- liðleikapróf, t.d. að teygja fram á kassa
- taki þátt í dans- eða spunaverkefni með eða án tónlistar

Félagsþroski, tilfinningaþroski og siðgæðisþroski

Stefnt er að því að nemandi

- taki þátt í leikjum sem efla markvisst samvinnu innan minni eða stærri hópa.
- þjálfist í að bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi og framkvæmd leikja, ýmissa æfinga og útivistar.
- fái jákvæða upplifun af íþróttaiðkun utanhúss.
- taki þátt í æfingum og leikjum sem innihalda tjáningu af ýmsum toga.
- vinni ýmis verkefni í misstórum hópum þar sem reynir á tillitssemi, umburðarlyndi og þolinmæði.
- þjálfist í leikjum og æfingum sem efla snertingu, samvinnu, eftirvæntingu og jákvæða upplifun.
- þjálfist í að nota líkamann sem tjáningartæki í dans- og dramaverkefnum.

Vitsmunabroski

Stefnt er að því að nemandi

- taki þátt í umræðu um heilbrigðan lífsstíl.
- taki þátt í umræðu um skaðsemi ávana- og fíkniefna og misnotkunar lyfja fyrir líkama og sál.
- öðlist þekkingu um áhrif þolþjálfunar á hjarta og blóðrásarkerfi.
- taki þátt í umræðu um helstu breytingar kynþroskaára og áhrif þeirra á skyn-, hreyfi- og líkamsþroska.
- fræðist um mikilvægi hvíldar fyrir líkama og sál.
- taki þátt í útivist, s.s. gönguferð þar sem m.a. þarf að taka tillit til veðurs og fatnaðar.

Kennsluaðferðir:

Bein kennsla, tilsögn og sýnikennsla.

Námsefni/Námsgögn:

Öll þau áhöld sem til eru í íþróttahúsinu.

Námsmat:

Þátttaka (mæting) og virkni í tímum (60%) og skráðar mælingar og símat : (40%)

Undir mælingar flokkast; - útihlaup (tímatökur), - færni í mismunandi íþróttagreinum og fleira. Undir símat flokkast: „Íþróttamannsleg framkoma í búningsklefa, við kennara og annað starfsfólk, innan vallar sem og utan hans. Einnig hvernig nemendur mæta tapi og sigrum og sýni hjálpssemi.

Skólanámskrá í sundi 6. bekkur

Fjöldi stunda á viku: 1

Markmið

Skynþroski og hreyfiþroski

Stefnt er að því að nemandi

- Þjálfist í æfingum sem viðhalda og bæta útfærslu hreyfinga í bringusundi, skriðsundi, baksundi, skólabaksundi og kafsundi.
- Nái tókum á helstu undirbúningsæfingum fyrir flugsund.
- Nái tókum á nákvæmri útfærslu hreyfinga og öndunar í 50 m skólabaksundi, 25 m skriðsundi og 25 m baksundi.

- Þjálfist í stungu af bakka.
- Þjálfist í að kafa eftir hlut á 1-2 m dýpi eftir 5 metra sund.
- Læri helstu atriði sem snúa að björgun úr vatni.

Líkamsþroski og fagurþroski

Stefnt er að því að nemandi

- Taki þátt í ýmsum æfingum og leikjum sem efla líkamspól, s.s. stöðugu sundi í ákveðinn tíma og boðsundsæfingum.
- Taki þátt í sundþjálfun til að synda ákveðna vegalengd innan ákveðinna tímamarka
- 25 m bringusundi, þar sem tímalágmark er 35,0 sekúndur.
- Þjálfist í að synda a.m.k. 200 m bringusund, viðstöðulaust.
- Þjálfist í að synda a.m.k. 15 m björgunarsund með skólabaksundsófótatökum.
- Þjálfist í 8 m kafsundi.
- Taki þátt í æfingum og leikjum sem efla kraft, hraða og viðbragð og samhæfingu og nýtni sundtaka.
- Taki þátt í sundleikfimi og stöðvaþjálfun á sundstað.

Félagsþroski, tilfinningaþroski og siðgæðisþroski

Stefnt er að því að nemandi

- Taki þátt í ýmsum leikjum í vatni, s.s. boltaleikjum, boðsundsleikjum og sundknattleikjum.
- Læri að bera virðingu fyrir þörfum annarra og mismunandi getu félaga sinna.
- Öðlist skilning á neikvæðum samskiptaformum, t.d. stríðni og einelti.

Vitsmunabroski

Stefnt er að því að nemandi

- Taki þátt í umræðum um markvissa þolþjálfun í sundi.
- Þjálfist í ýmsum möguleikum sundiðkunar til heilsueflingar.
- Taki þátt í umræðu um mikilvægi góðrar tækni sundtaka.
- Læri og þjálfist í helstu atriðum sem snúa að björgun úr vatni.

Námsefni/námsgögn

Öll áhöld sem til eru til sundiðkunnar.

Kennsluaðferðir

Verkleg kennsla, einstaklings-, para- og hópavinna notuð.

Námsmat

Sundstigin sem fylgja hverjum bekk eru notuð til viðmiðunar námsmats ásamt ástundun nemanda.

Námsgrein: Upplýsingataekni – 6. bekkur

Fjöldi kennslustunda á viku: 1

Markmið

Stefnt er að því að nemendur

kunni að búa til möppur og nota möppur í tölvum
geti vistað skjöl, bæði í tölvu og á minnislykil
hafi náð tókum á réttri fingrasetningu á lyklaborði, tileinkað sér
blindskrift og réttar vinnustellingar

kunni á alla sérlykla á lyklaborði
kynnist glærugerðarforriti
hafi öðlast færni í að leita eftir upplýsingum á Netinu
geti sett myndir inn í texta

Kennsluaðferðir

Kennslan fer fram í formi sýnikennslu og nemendur vinna svo einstaklingslega að lausn þeirra verkefna sem lögð eru fyrir. Mikið er lagt upp úr sjálfstæði nemenda og þeir hvattir til að vera óhræddir við að prófa sig áfram.

Námsefni

Ýmis forrit, s.s Word, Power Point og Paint og Internetið.

Námsmat

Virgni og vinnusemi nemenda er metin, hæfni þeirra til að nota fingrasetningu auk verkefnis í Word.

Heimilisfræði 6. bekkur – 2 stundir aðra hverja viku.

Markmið:

Matreiðsla, þjóðlegt, orkuefni, næringarefnatafla, kjöt-fisk-eggjaflokkur, hreinlæti, þrif, þvottamerki.

Kennsluaðferðir: Verklegt og bóklegt.

Námsefni: Bók fylgir hverjum bekk.

Námsmat: Símat, þar sem vinnusemi, hegðun og samvinna verður metið til einkunnar.

Hönnun og smíði í 6. bekk

Markmið: Að nemandinn: Nemendur fá að kynnast ýmsum efnum sem hægt er að nota í smíði svo sem leðri og skinnum, og ólíkum viðartegundum og málm.

Nái færni í að nota hefil og þekki að heflar eru af mismunandi gerðum.

Verði virkur í sínu námi í smíðastofunni.

Kunni að bora fyrir dílum og skrúfum og geti notað rafhlöðuvél.

Þekki og geti notað grunnverkfærin hamra, sagir og raspa.

Þekki öryggisreglur í smíðastofunni.

Þekki bitjárn og viti til hvers þau eru notuð.

Læri að tálga í ferskan trjávið og vinna verkefni úr trjávið.

Læri að nota trérennibekkin. Uppsetning á rennsli milli odda, skálarrennslu og fl. Þekki mismunandi renniverkfæri, notkun þeirra og umhirða.

Leiðir: Nemandinn leysir einföld verkefni á sjálfstæðan hátt og nýtir eigin hugmyndir við vinnu sína. Hann smíðar gripi við sitt hæfi og getu.

Námsgögn: Hönnun og smíði 5.-7. bekkur eftir Elís Þór Sigurðsson.

Skógurinn og nýting hans, efni útgefið af Námsgagnastofnun.

Málmsmíði í grunnskóla eftir Gunnar Örn Jónsson.

Námsmat: Samkvæmt námskrá eru þessir þættir teknir til athugunar:
Umgengni og hegðun.
Virgni og vinnubrögð.
Lokaafurð nemanda.